



VERKLAGSREGLA
**Áhættumat og viðbragðsáætlanir vegna
bráðamengunar.**

0.VR.1.22

Útg: 1.1
Útg.dags: 21.10.2014
Bls 1 af 2
Höf: GS
Skrá: Bráðamengun

Ábyrgðarmaður: Gæðastjóri

Gildir frá: 21.10.2014

Gildir til: Ótímabundið

1. SKILGREINING Á BRÁÐAMENGUN

Bráðamengun telst það vera ef skyndilegur leki verður frá lýsis- eða olúgeymum eða óhapp verður í vinnsluferli, sem getur valdið mengun hafs og stranda og krefst tafarlausra aðgerða.

2. TILGANGUR OG UMFANG

Markmið áætlunar er að lágmarka umhverfisáhrif vegna bráðamengunar. Lýst er verklagi sem grípa þarf til ef óhapp verður. Það er gert til að tryggj sé að gripið sé til réttra og fumlousra aðgerða við slíkt ástand.

3. ÁBYRGÐARSKIPTING

Starfsmenn sem verða varir við bráðamengun tilkynna það vaktformanni (verkstjóra) og hjálpa til við aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari mengun eða tjón og aðstoða við hreinsun.

Vaktformaður (verkstjóri) tilkynnir hafnarverði um bráðamengunina og stýrir aðgerðum til að koma í veg fyrir frekari mengun. Eins tilkynnir hann atvikið til verksmiðjustjóra og/eða yfirmanni landvinnslu.

Verksmiðjustjóri / yfirmaður landvinnslu tekur við stjórn af hálfu fyrirtækisins í samráði við forstjóra.

Hafnarvörður stjórnar aðgerðum í samráði við verksmiðjustjóra eða yfirmann landvinnslu og tilkynnir mengunina til opinberra aðila (Umhverfisstofnun / Heilbrigðiseftirlit Austurlands).

Gæðastjóri heldur utan um verklagsregluna og er hún vistuð í gæðakerfi fyrirtækisins. Gæðastjóri endurskoðar hana í innri úttektum á gæðakerfinu og metur þá þörf á breytingum.

4. LÝSING

Verksmiðjurnar framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskafskurði og er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka.

Til að minnka líkur á bráðamengun er allt frárennsli frá vinnslusvæði verksmiðjanna tengt fitugildru og frárennsli frá ketilhúsi tengt olúskilju. Lýsis- og olúgeymar eru staðsettir í lýsis- og olúheldri þró með rýmd sem uppfyllir skilyrði sem fram koma í starfsleyfi verksmiðjanna.



VERKLAGSREGLA
**Áhættumat og viðbragðsáætlanir vegna
bráðamengunar.**

0.VR.1.22

Útg: 1.1

Bls 2 af 2

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hefur verið gert fyrir verksmiðjurnar.

Viðbragðsáætlun varðandi verkferla við bráðamengun er aðgengileg öllum starfsmönnum. Þar koma fram símanúmer tengiliða, verklag við tilkynningu og aðgerðir sem nota má til þess að afstýra frekari mengun.

5. TRYGGINGAR VEGNA BRÁÐAMENGUNAR

Verksmiðjur SVN eru með ábyrgðatryggingu allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. greinar laga nr. 33/2004.

6. FYLGISKJÖL

6.1. Viðbragðsáætlanir með tengiliðum og símanúmerum

Viðbragðsáætlun fyrir SVN Neskaupstað dagsett 23.06.2014

Viðbragðsáætlun fyrir SVN Seyðisfirði dagsett 23.10.2013

Viðbragðsáætlun fyrir SVN Helguvík dagsett 03.10.2013

6.2. Viðbrögð vegna bráðamengunar með verkferlum

Viðbrögð vegna bráðamengunar SVN Neskaupstað dagsett 23.06.2014

Viðbrögð vegna bráðamengunar SVN Seyðisfirði dagsett 23.10.2013

Viðbrögð vegna bráðamengunar SVN Helguvík dagsett 03.10.2013

6.3. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Áhættumat fyrir SVN Neskaupstað dagsett 21.10.2014

Áhættumat fyrir SVN Seyðisfirði dagsett 21.10.2014

Áhættumat fyrir SVN Helguvík dagsett 21.10.2014

7. UMHVERFISSTEFNA SÍLDARVINNSLUNNAR

Síldarvinnslan hefur það að markmiði að starfa í sem bestri sátt við umhverfi sitt, stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og bættri umgengni við auðlindina.

Stefna Síldarvinnslunnar er að hámarka nýtingu á hráefni og orku.

Markvisst er stefnt að því að auka notkun umhverfisvænnar orku, að stuðla að umhverfisvænum rekstri á öllum stigum framleiðslunnar og framleiða heilnæmar gæðaafurðir.

Síldarvinnslan framleiðir ekki afurðir úr erfðabreyttum hráefnum.



Síldarvinnslan hf.

Viðbragðsáætlun

Fiskimjölsverksmiðja SVN á Seyðisfirði

Dags. 23.10.2013
Útgáfa: 1.1
Bls: 1 af 1
Gildir til: 1.12.2015

	Bráðamengun vegna olú-/lýsisleka	Eldsvoði
Allir	Tilkynna vaktformanni/verkstjóra (864-4242)	Tilkynna Neyðarlínu í síma 112 Neyðarstöðvun Tilkynna vaktformanni/verkstjóra (864-4242)
Vaktformaður / verkstjóri	Tilkynnir hafnarverði í síma 470-2360 Stýrir aðgerðum til að koma í veg fyrir frekari mengun: <ul style="list-style-type: none"> • <i>Stöðva leka</i> • <i>Loka niðurföllum (t.d. með plastpoka)</i> • <i>Stöðva útbreiðslu</i> • <i>Stjórna hreinsun</i> Tilkynna verksmiðjustjóra í síma 894-4609 , ef ekki næst í hann skal tilkynna staðgengli hans Þórhalli Jónassyni í síma 897-1625.	Stöðva alla vinnslu. Tilkynna verksmiðjustjóra í síma 894-4609 . Tilkynna skipstjórnarmönnum ef skip er við verksmiðju
Verksmiðjustjóri	Tekur við stjórn aðgerða á vettvangi. Tilkynnir Jóni Má Jónssyni yfirmanni landvinnslu SVN (892-2509)	Tekur við stjórn aðgerða á vettvangi. Tilkynnir Jóni Má Jónssyni yfirmanni landvinnslu SVN (892-2509)
Aðrir starfsmenn	Hjálpa til við aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari mengun eða tjón Aðstoða við hreinsun	Sinna slösuðum þar til hjálp berst Ef aðstæður leyfa reyna þeir að hemja eld með þeim búnaði sem til staðar er í verksmiðju Annars yfirgefa þeir verksmiðju
Hafnarvörður	Stjórnar aðgerðum í samráði við verksmiðjustjóra Tilkynnir mengun til opinbera aðila	
Slökkvilið		Tekur við yfirstjórn
Gestir		Yfirgefa verksmiðju
Skipstjórnarmenn		Tryggja öryggi skipa
Yfirmaður landvinnslu SVN (Jón Már Jónsson)	Tekur við stjórn af hálfu fyrirtækis í samráði við forstjóra.	Tekur við stjórn af hálfu fyrirtækis í samráði við forstjóra.
Ritstjóri: Gunnar Sverrisson, verksmiðjustjóri		Samþykktur: Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu SVN



Síldarvinnslan hf.

Viðbrögð vegna bráðamengunar

Fiskimjölsverksmiðja SVN á Seyðisfirði

Dags. 23.10.2013

Útgáfa: 1.0

Bls: 1 af 1

Bráðamengun

Skapist þær aðstæður að bráðamengun verði vegna verksmiðjunnar skal byrja á því að koma í veg fyrir meiri mengun með því að stöðva leka og loka niðurföllum (t.d. með því að breiða/henda plastpoka yfir niðurföll ef um olíu-/lýsismengun er að ræða).

Þá skal tilkynna hafnaryfirvöldum eins fljótt og auðið er um mengunina.

Hafnarvörður: Jóhann Hansson

Sími: 470-2360, GSM 862-1424

“Síminn er tengdur við GSM síma hafnarvarða og hægt er að hringa í hann hvenær sem er sólarhringsins”.

Mikilvægt er að eftirfarandi komi fram þegar hringt er:

- Hver hringir
- Hvaðan er hringt
- Hvað kom fyrir
- Hvað er búið að gera
- Símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi

Við fyrsta tækifæri skal hringja í **Gunnar Sverrisson** verksmiðjustjóra í síma **894-4609** og mun hann taka yfir stjórn aðgerða á vettvangi. Hann mun jafnframt hafa samband við Jón Má Jónsson í samræmi við viðbragðsáætlun sem mun sjá um að leita eftir sérþekkingu annara starfsmanna fyrirtækisins telji hann ástæðu til. Þá mun hann einnig sjá um að skipuleggja öll viðbrögð fyrirtækis í samráði við forstjóra.

Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður í samráði við Umhverfisstofnun hvenær árangur af hreinsun er nægjanlegur.

Eldsvoði

Ef um eldsvoða er að ræða skal byrja á að tilkynna hann til **Neyðarlínu í síma 112**.

Mikilvægt er að eftirfarandi komi fram þegar hringt er:

- Hver hringir
- Hvaðan er hringt
- Hvað kom fyrir
- Hvað er búið að gera
- Símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi

Við fyrsta tækifæri skal hringja í **Gunnar Sverrisson** verksmiðjustjóra í síma **894-4609** og mun hann taka yfir stjórn aðgerða á vettvangi. Hann mun jafnframt hafa samband við Jón Má Jónsson í samræmi við viðbragðsáætlun sem mun sjá um að leita eftir sérþekkingu annara starfsmanna fyrirtækisins telji hann ástæðu til. Þá mun hann einnig sjá um að skipuleggja öll viðbrögð fyrirtækis í samráði við forstjóra.



Síldarvinnslan hf.

Áhættumat vegna bráðamengunar

Fiskimjölverksmiðja SVN á Seyðisfirði

Dags. 21.10.2014

Útgáfa: 1.0

Bls: 1 af 4

Fiskimjölverksmiðjur eru númer 1 undir lið A „Starfsemi getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó“ í Viðauka I með lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Síldarvinnslan þarf því að skila inn til útgefanda starfsleyfis, Umhverfisstofnunar, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem byggir á áhættumati.

Bráðamengun er skilgreind sem mikil losun þessarar efna til hafs og stranda þannig að þörf er á tafarlausum aðgerðum.

Tilgangur þessarar viðbragðsáætlunar er að greina þau efni sem geta valdið bráðamengun frá fiskmjölverksmiðju SVN og umfang þeirrar mengunar.

Í Viðauka II með lögum nr. 33/2004 „Listi yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið“ er eftirfarandi listi yfir efni sem skal meta þar sem hægt er að banna eða takmarka losun á þeim í hafið:

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkell, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Þau efni sem notuð eða unnin eru í fiskimjölverksmiðju SVN falla undir flokk 5. Það er svartolía og lýsi.



Síldarvinnslan hf.

Áhættumat vegna bráðamengunar

Fiskimjölsværksmiðja SVN á Seyðisfirði

Dags. 21.10.2014

Útgáfa: 1.0

Bls: 2 af 4

Í B.lið í Viðauka I eru tilgreindir „Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni fyrir umhverfi hafs og strandar.“

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.“

Svartolía er notuð á heitloftspurrkara verksmiðjunnar. Einnig eru á staðnum svartolíukatlar sem varaafli fyrir rafskautaketil verksmiðjunnar. Svartolíunotkun er um 20 kg/t hráefni eða um 24 tonn á sólarhring þegar verksmiðjan er í rekstri. Á verksmiðjulóðinni, innan lýsisvarnarþróar, er daggeymir með hæðarrofa, aðvörunarbúnaði og neyðarrofa. Geymirinn rúmar innan við 10 m³. Olía til daglegar vinnslu kemur frá olíubirgðatanki ODR á næstu lóð, en þar eru tveir birgðageymar þar sem stærri geymirinn rúmar 1290 m³. Svartolían er þar í einangruðum upphituðum tanki. Tankar ODR eru í þró. Innan SVN er nánast engin birgðageymsla á olíu, en í kerfinu geta verið nokkrir rúmmetrar af olíu.

Bráðamengunarhætta er því einkum vegna leka á svartolíu úr lagnakerfi SVN. Til að dæla svartolíu þarf að hita hana. Frárennsli frá olíukatlasvæði er tengt olíuskilju sem tekur 4,5 m³. Hún er jafnframt tengd lýsisvarnarþrónni.

Lýsi er framleitt í verksmiðjunni. Það fer í gegnum vinnsluferlið og er svo safnað í tanka á lóð verksmiðjunnar. Á Seyðisfirði eru þrjár lýsisgeymar í þró ofan við verksmiðjuna. Stærsti geymirinn er 2.450 m³. Lýsisvarnarþró er með 60% rúmtak miðað við stærsta lýsistankinn samkvæmt reglugerð. Allt lýsi er selt til fóðurframleiðslu.

Fita í vinnslurás getur verið um 10% fyrir loðnu, en mun hærri fyrir síld og makríl. Miðað við 1.200 tonna afköst á sólarhring getur því lýsisframleiðsla verið 100 til 200 tonn á sólarhring.

Fituríkir straumar eins og blóðvatn og löndunarvatn er nýtt í vinnslunni. Á meðan á vinnslu stendur er það geymt í nokkrum tönkum. Í löndunarhúsi eru tveir 15 m³ geymar fyrir löndunarvökva og að auki eru þrjár 50 m³ geymslugeymar í verksmiðjunni. Yfirfall frá þeim er leitt í hreinsibúnað. Allt fituríkt frárennsli er forsiáð með 0,5-1 mm sigti áður en það fer inn á fituskilju. Frárennslistaðir í verksmiðju eru tengdir fituskilju með hönnunarafköst 70 m³/h. Bæði fita og fast efni eru unnin áfram eins og kostur er.

Þegar vinnsla er stöðvuð er allt löndunarvatn og blóðvatn fullunnið, allar lagnir tæmdar og hreinsaðar, þannig að lýsi er aðeins í birgðatönkum.

Bráðamengunarhætta er því einkum vegna leka á lýsi eða fituríku vinnslustreymi úr lagnakerfi SVN á meðan á vinnslu stendur.



Síldarvinnslan hf.

Áhættumat vegna bráðamengunar

Fiskimjölsværksmiðja SVN á Seyðisfirði

Dags. 21.10.2014

Útgáfa: 1.0

Bls: 3 af 4

Önnur efni sem nýtt eru við vinnsluna eins og ediksýra (mjúksýra) eða til hreinsunar eins og vítissódi og sápur blandast öll fullkomlega í vatni og skapa ekki bráðmengunarhættu samkvæmt lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Öryggisblöð, leiðbeiningar um meðhöndlun efna og viðbrögð við leka skulu geymd á aðgengilegum stöðum fyrir allt starfsfólk.

Áhættumat og viðbrögð við bráðamengun er endurskoðuð árlega í innri úttektum gæðakerfisins og uppfærð ef þörf er á.

Áhættumat fyrir kerfi verksmiðjunnar er tekið saman næstu þremur töflum.

Tafla 1 Áhættumat fyrir svartolíu.

Kerfi	Daggeymir fyrir svartolíu og lagnakerfi að brennurum
Efni	Svartolía
Stærð kerfis í lítrum	10.000 l eða 1.000 kg/klst.
Fjarlægð frá sjó/strönd	Verksmiðja við höfn
Tegund mengunar	Olíumengun
Atvik	Leki í lagnakerfi eða við daggeymi
Forvarnir og búnaður	Daggeymir, sem staðsettur er í lýsisvarnarþró, er með hæðarrofa, aðvörunarbúnaði og neyðarrofa og 4.500 lítra olíuskilja á frárennslissvæði olíukerfis. Búnaður er á varnarþrónni til að loka frárennslis frá henni.
Ísogsefni tiltæk	Hjá ODR
Líkur á mengun	Ólíklegt
Afleiðing	Óverulegar
Áhætta	Viðunandi A
Viðbrögð við mengunarslysi	Verði mengunarslys er brugðist strax við skv. viðbragðsáætlun, dags. 23.10.2013, komið í veg fyrir frekari mengun og slysið tilkynnt til hafnarstjóra sem ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins um bráðamengunartilfelli.
Vátrygging	Vátryggingaskírteini nr. 2611324



Síldarvinnslan hf.

Áhættumat vegna bráðamengunar

Fiskimjölsværksmiðja SVN á Seyðisfirði

Dags. 21.10.2014

Útgáfa: 1.0

Bls: 4 af 4

Tafla 2 Áhættumat fyrir lýsisgeymi.

Kerfi	Lýsisgeymir við verksmiðju
Efni	Lýsi
Stærsti tankur í lítrum	2.450.000
Fjarlægð frá sjó/strönd	Verksmiðja við höfn
Tegund mengunar	Lýsismengun
Atvik	Leki í lýsistanki
Forvarnir og búnaður	Þró um lýsisgeyma. Búnaður til að loka niðurföllum
Líkur á mengun	Ólíklegt
Afleiðing	Miklar
Áhætta	Viðunandi B
Viðbrögð við mengunarslysi	Verði mengunarslys er brugðist strax við skv. viðbragðsáætlun, dags 23.10.2013, komið í veg fyrir frekari mengun og slysið tilkynnt til hafnarstjóra sem ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins um bráðamengunartilfelli.
Vátrygging	Vátryggingaskírteini nr. 2611324

Tafla 3 Áhættumat fyrir lýsisvinnslu.

Kerfi	Lýsisvinnsla í verksmiðju
Efni	Lýsi
Stærð kerfis	200.000 lítrar á sólarhring
Fjarlægð frá sjó/strönd	Verksmiðja við höfn
Tegund mengunar	Lýsismengun
Atvik	Leki í fitukerfi
Forvarnir og búnaður	Fituskilja á frárennslispunktum með afköst 75.000 l/h. Búnaður til að loka niðurföllum.
Líkur á mengun	Ólíklegt
Afleiðing	Miklar
Áhætta	Viðunandi B
Viðbrögð við mengunarslysi	Verði mengunarslys er brugðist strax við skv. viðbragðsáætlun, dags 23.10.2013, komið í veg fyrir frekari mengun og slysið tilkynnt til hafnarstjóra sem ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins um bráðamengunartilfelli.
Vátrygging	Vátryggingaskírteini nr. 2611324